

**15. fundur nefndar um byggingu fjölnota knattspyrnuhúss  
haldinn í fundarherbergi 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 9. október 2019 og  
hófst hann kl. 10:00.**

**Fundinn sátu:**

Kristján Þór Kristjánsson aðalmaður, Sif Huld Albertsdóttir aðalmaður og Sigurður Jón Hreinsson aðalmaður.

**Embættismenn:**

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs, Stefanía Helga Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og Eyþór Guðmundsson, innkaupa- tæknistjóri.

**Fundargerð ritaði:** Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

**Dagskrá:**

**1. Uppbygging knattspyrnumannvirkja á Torfnesi - 2017010066**

Kynnt útboðsgögn fyrir fjölnota knattspyrnuhús.

*Meirihluti nefndarinnar leggur til við bæjarstjórn að verkið verði boðið út í samræmi við fyrirliggjandi útboðsgögn.*

**2. Uppbygging knattspyrnumannvirkja á Torfnesi - 2017010066**

Kynnt drög að lokaskýrslu nefndar um byggingu fjölnota knattspyrnuhúss.

*Meirihluti nefndarinnar vísar lokaskýrslu til kynningar í bæjarstjórn. Sigurður Jón Hreinsson óskar eftir því að leggja fram eftirfarandi bókun:*

*Undirritaður getur engan veginn tekið undir þá niðurstöðu meirihluta nefndarinnar um að tímabært sé að bjóða verkefnið út og sem lesa má í drögum að lokaskýrslu. Að mati undirritaðs hefur nefndin m.a. ekki sinnt því hlutverki sínu að gera úttekt á staðarvali, skipulagi í kringum áætlaðan byggingarstað og áfangaskiptingu framkvæmda.*

*Þrátt fyrir ítrekaðar óskir undirritaðs um að skoða betur staðsetningu og skipulag á Torfnesi, með tilliti til bestu nýtingu á svæðinu og meðferð á skattfé bæjarbúa, var því alltaf hafnað á gundvelli þess að „ekki væri pólitískur vilji fyrir annari staðsetningu“. Að því leyti brást meirihluti nefndarinnar algerlega hlutverki sínu. Að mati undirritaðs er langur vegur frá því að tímabært sé að setja í útboð byggingu fótboldahúss. Sem dæmi má taka:*

*Ekki hefur verið svarað þeirri spurningu, hvort að starfsmaður þurfi að vera í húsinu eða ekki.*

*Allar forsendur fyrir staðarvali því sem deiliskipulag byggir á, hafa reynst rangar. Þessi áform um uppbyggingu á Torfnesi eru byggð á afar takmarkaðri umfjöllun og byggja í stórum atriðum á röngum gögnum, rökleysu, þversögnum, hringrökum og jafnvel blekkingum.*

*Áformin um byggingu fótboldahúss eru ábyrgðarlaus út frá fjárhag bæjarins, kalla á*

15. fundur nefndar um byggingu fjölnota knattspyrnuhúss

*umtalsverða hækkun á skuldum bæjarsjóðs og auka rekstrarkostnað bæjarins um tugi milljóna árlega.*

*Undirritaður mun skila eigin skýrslu með niðurstöðu um starf nefndarinnar til bæjarstjórnar, þegar málið verður tekið fyrir á bæjarstjórnarfundi.*

*Sigurður Hreinsson*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:55**

---

Kristján Þór Kristjánsson

---

Sif Huld Albertsdóttir

---

Sigurður Jón Hreinsson

---

Brynjar Þór Jónasson

---

Stefanía Helga Ásmundsdóttir

---

Eyþór Guðmundsson